

L Ö G

um

69

8. sept.

stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Jarðirnar Þormódsstaðir og Skildinganes í Seltjarnarneshreppi, ásamt öllum lóðum og löndum, sem seldar hafa verið frá þeim, svo og verzlunarstaðurinn Skildinganes við Skerjafjörð, skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur frá 1. janúar 1932.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra þurfalinga, sem eru eða verða og framfærsluveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á löndum þeim, sem um ræðir í 1. grein.

3. gr.

Fyrir árslok 1932 skulu fara fram endanleg fjárskipti milli Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps, þar á meðal væntanleg skaðabótageiðsla til Seltjarnarneshrepps og Kjósarsýslu vegna laga þessara. Reykjavík skal rétt og skylt að kaupa vatnsveitu þá, er vatnsveitufélag Skildinganeskaupfélags hefir lagt þangað úr vatnsveitu Reykjavíkur.

Allar fjárgreiðslur samkvæmt lögum þessum skulu ákveðnar með gerðardómi, og skal hann einnig skera úr sérhverjum ágreiningi milli málsaðila út af lögum þessum. Gerðardóm skipa 3 menn, er hæstiréttur nefnir til þess; skal einn þeirra vera dómari í hæstarétti, og er hann formaður gerðardómsins. Kostnað við gerðardóminn greiðir Reykjavíkurborg eftir ákvörðun gerðardómsins, þar með talin þóknun til fyrirsvarsmanna málsaðilja.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.